

Skólaráðsfundur 17. október 2023

Fundinn sátu: Karítas Sigurbjörg Björnsdóttir, Vildís Björk Bjarkadóttir, Valborg Hjálmarsdóttir, Emma Sif Björnsdóttir, Elenóra Jónsdóttir, Sigríður Margrét Ingimarsdóttir, Emma Katrín Helgadóttir fulltrúi 10. bekkjar í nemendafélaginu, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Skólastjóri bauð skólaráð velkomið til fyrsta fundar og kynnti fundarmönnum hlutverk skólaráðs og möguleg verkefni. Kynntar voru upplýsingar af heimasíðu um hlutverk og starfsreglur skólaráðs.

Skólaráð setti niður fundaskipulag vetrarins og starfsáætlun skólaráðs:

Fundir verða einu sinni í mánuði kl. 12:15 á fyrsta miðvikudegi hvers mánaðar.

17. október

1. nóvember

6. desember

4. janúar

7. febrúar

6. mars

3. apríl

8. maí

Starfsáætlun skólans, sem nú er komin á nýtt form á vefnum var kynnt fyrir skólaráði.

Önnur mál

- Rætt um tafir á framkvæmdum við A-álmum sem gera átti í sumar, en ekki hafa fengist iðnaðarmenn til að setja í nýja glugga og klæða álmuna.
- Fram kom fyrirspurn um tækniástoð fyrir foreldra sem kynnt var á kynningarfundum í haust. Rætt um hvenær af þessu gæti orðið, en vonast er til að það geti orðið fljótlega.
- Rætt um fræðslufyrirlestra fyrir foreldra, t.d um ADHD. Foreldrafélagið hefur áhuga á að koma að slíkri fræðslu.
- Á síðasta skólaári kom foreldrafélagið fram með hugmynd um breytingar á fyrirkomulagi öskudags, í ljósi þess að þessi dagur er mörgum börnum erfiður. Hugmynd foreldrafélagsins snýr að því að öskudagur verði skóladagur að hluta til og hægt væri að vinna með vinabekkina. Skólastarf sem tengist öskudegi yrði í skólanum með vinabekkjum fyrir hádegi, en eftir hádegi gætu nemendur farið í fyrirtæki eins og áður. Rætt um mögulegar útfærslur ef af þessu yrði fyrir næsta skólaár.